

Fundargerð skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

8. fundur.

Haldinn í skólanum 13. janúar 1977. Mættir voru: Skólameistari, Gunnar Sveinsson, Guðjón Kristjánsson, Jón Hólmgeirsson, Guðrún Sigurðardóttir, Hreinn Ásgrímsson og Ingvar Jóhannsson.

Hófst fundurinn klukkan 17⁰⁰.

I. Yfirlit yfir haustönn og horfur á vorönn. Haustönn lauk 20. desember. Skólameistari kvaðst vera samilega ánægður með árangur hennar og væri árangur nemenda framar vonum, miðað við það, að innleitt var nýtt kennslufyrirkomulag.

Lítið var um fallelkunnir, en einkunnir í heild þó fremur lágar.

Undirbúningi fyrir vorönn er að ljúka, Valgreinamöguleikar eru meiri en á haustönn og nýting nemenda á valgreinum er mjög góð.

Nemendum mun fjölga allmikið á komandi önn. Mest mun fjölgunin verða á 2. áfanga iðnbrautar (úr 30 í 50), einnig munu bætast við nemendur á öðrum brautum. Endanleg tala nemenda liggur þó ekki enn fyrir.

Baldur Hafstað hefur verið fastráðinn kennari í íslensku frá 1. jan. '77.

Axel Nikolaison tæknifræðingur hefur verið ráðinn í fullt starf sem stundakennari á komandi önn. Aðrið stundakennarar, sem ráðnir hefa verið í hluta starfs eru:

Borgþór Arngrímsson, sem kennir leiklist,

Gérard Chinotti, sem kennir frönsku og spænsku,

Guðjón Bjarnason, sem kennir sálarfræði.

Séra Ólafur O. Jónsson, kennir siðfræði,

Sturlaugur Ólafsson, kennir áhalda og vinnslufræði í trésmíði.

Kennarar skólans eru nú alls 31.

Í öldungadeild skólans verða kenndir 24 áfangar. Þar hafa 90 nemendur valið sér námsgreinar. Samþykkt var að halda sama námsgjaldi á vorönn og var á haustönn.

II. Rædd var fyrirhuguð bygging íþróttahúss í Keflavík. Telur nefndin algjörlega nauðsynlegt að Fjölbrautaskólinn fái aðstöðu í því húsi.

Kæmu þá til greina tvær leiðir í því sambandi:

- a) að skólinn taki beinan þátt í þeirri byggingu, sem eignaraðili, eða
- b) að sveitarfélögin viðurkenni íþróttahúsið sem svæðishús og að Fjölbrautaskólanum verði þá tryggð leiguaðstaða í húsinu.

Telur nefndin nauðsynlegt að sveitarstjórnirnar taki mál þetta til umræðu og ályktunar á fundum sínum sem fyrst.

III. Tilkynningar: a) Skólameistari lagði fram bréf frá ríkisskattstjóra sem er svarbréf við bréfi skólanefndar sem samþykkt var að senda á 5. fundi nefndarinnar.

Í bréfi sínu samþykkir ríkisskattstjóri að gjafir til skólans verði gefendum frádráttarbærar til skatts, skv. 36. gr. reglugerðar nr. 245/1963.

b) Skólameistari tilkynnti að sendinefndir frá Vélskóla Íslands og skólunum í Vestmannaeyjum væru væntanlegar á næstunni til að kynna sér aðstöðu á vélskólabraut og skólann í heild.

IV. Réttindi fyrir nemendur fjölbrautaskóla.

Fram kom að réttindi þau sem hinar ýmsu námsbrautir skólans veita eru mismunandi. Viðskiptabraut ásamt uppeldis- og hjúkrunarbraut veita t.d. ergin. ákveðin réttindi ennþá.

Var skólameistara falið að semja uppkast að bréfi til menntamálaráðuneytisins varðandi þetta atriði sem hann leggi fyrir nefndina á næsta fundi.

V. a) Rekstrarkostnaður 1977 og skipting á milli sveitarfélaga-anna.

Fyrir liggur, að skólinn fær frá ríkinu á fjárlögum þessa árs 9,6 milljónir í rekstur skólans.

Í tillögum skólanefndarinnar var hins vegar gert ráð fyrir kr. 13.275.000- sem ríkisframlagi.

Í þeirri áætlun (tillögu) er gert ráð fyrir 6 milljóna króna kostnaði vegna húsaleigu. Samþykkti nefndin að óska eftir því við ráðuneytið, að sá liður verði tekinn út úr rekstraráætlun og að ríkið greiði sín 50% af þeirri upphæð utan þessara 9,6 milljóna, er fara eiga í rekstrarkostnað.

b) Stofnkostnaður.

Framlag ríkisins vegna stofnkostnaðar á árinu 1977 verður að öllum líkindum kr. 6 milljónir. Ber sveitarfélögunum því að leggja þar í móti kr. 4 milljónir.

Samþykkt var að senda út greiðsluskiptingu milli sveitarfélaganna miðaða við manntal 1. des. 1976, sem fyrst.

Var ákveðið að skipta greiðslum vegna rekstrarkostnaðar á 6 innheimtuvíxla og vegna stofnkostnaðar á aðra 6 víxla, með gjalddögum annan hvern mánuð. Fyrsti gjalddagi verður þann 15. janúar, síðan 15. mars o.s.frv.

VI. Fjárhagsstaða skólans.

Greinilegt virðist vera að rekstrar- og stofnkostnaður skólans fyrir árið 1976 fari nokkuð fram úr áður gerðri áætlun, sem send var sveitarstjórnnum 10. okt. s.l.

Gera má ráð fyrir að sú upphæð verði um kr. 2 milljónir.

Nákvæmar tölur munu liggja fyrir á næsta fundi.

VII. Laun skólanefndar: Var nefndin sammála um að laun nefndar- : manna verði hin sömu og laun skólanefnda í Keflavík. Nefndarmenn skulu leggja fram reikninga vegna aksturs, er miðist við aksturs-
taxta ríkisstarfsmanna.

Launin greiðist á fyrsta fundi ársins fyrir næsta ár á undan.

VIII. Önnur mál: Skólanefndin samþykkti að óska eftir því við ráðuneytið, að það skipaði Jón Böðvarsson í stöðu skólameistara Fjölbautaskóla Suðurnesja frá 1. janúar 1977.

Einnig leggur nefndin ásamt skólameistara til að Ingólfur Halldórsson verði skipaður kennari við skólann frá sama tíma.

Fleira var ekki á dagskrá. Var fundi slitið klukkan 19⁵⁰.

Fundarritari

Hreinn Ásgrímsson.